

Efnahags- og viðskiptanefnd  
Alþingi  
150 Reykjavík

SÍÐUMÚLA 13,  
108 REYKJAVÍK,  
SÍMI 545 1200,  
TELEFAX 545 1212,  
ns@ns.is  
PÓSTHÓLF 8160,  
128 REYKJAVÍK.

Reykjavík 13. desember 2002

**Efni: Athugasemdir Neytendasamtakanna við frumvarp  
til laga um verðbréfiðskipti.**

Neytendasamtökin gera eftirfarandi athugasemdir að frumvarp til laga um verðbréfiðskipti:

★ **4. gr.** Neytendasamtökin telja að vísun 4. gr. til góðra viðskiptahátta sé skírskotun til einhvers sem er afar lítið mótað enda eru venjur í verðbréfiðskiptum hér á landi takmarkaðar. Af þeim sökum leggja samtökin til að Fjármálaeftirlitið gefi út leiðbeinandi reglur sem fjármálafyrirtækjum beri að starfa eftir.

Neytendasamtökin leggja því til að við 4. gr. bætist:

*Sömuleiðis skal fjármálafyrirtæki starfa í samræmi við leiðbeiningarreglur Fjármálaeftirlitsins um hvað teljist góðir viðskiptahættir í verðbréfiðskiptum á hverjum tíma.*

★ **2. mgr. 5. gr.** Í ákvæðinu er talað um „hæfilegan fyrirvara“ án frekari skýringa og í greinargerð er hæfilegur fyrirvari miðaður við uppsagnarfrest samnings. Neytendasamtökin telja nauðsynlegt að tiltekinn lágmarksfyrirvari verði settur inn í ákvæðið og gera það að tillögu sinni að breytingar um þóknun skuli tilkynna með minnst tveggja vikna fyrirvara burt séð frá uppsagnarfrestum.

★ **1. mgr. 7. gr.** Neytendasamtökin telja eðlilegt að áður en staðlaðir viðvarandi samningar koma til framkvæmda séu þeir yfirfarnir af Fjármálaeftirlitinu.

Neytendasamtökin leggja því til að við 1. mgr. 7. gr. bætist:

*Staðlaðir viðvarandi samningar skulu bornir undir Fjármálaeftirlitið áður en þeir koma til framkvæmda.*

★ **8. gr.** Í 8. gr. er fjallað um sölu fjármálafyrirtækja á óskráðum verðbréfum til annara en fagfjárfesta. Í ákvæðinu er mælt fyrir um skyldu fjármálafyrirtækis til að meta faglega þekkingu, fjárhag og reynslu viðskiptavinarins. Neytendasamtökin telja þessa skipan mála eðlilega og vilja að framangreindu mati verði fylgt eftir. Eins og frumvarpið er lagt fram er það ekki gert og það telja Neytendasamtökin óásættanlegt. Að mati samtakanna er alls ekki nóg að fjármálafyrirtæki hafi heimild til að synja um milligöngu telji það viðskiptavin ekki búa yfir nægjanlegri þekkingu, reynslu eða fjárhagslegum styrk. Nauðsynlegt er að í þessum tilvikum fari milligöngu að jafnaði ekki fram.

Neytendasamtökin leggja því til að lokamálsgrein 8. gr. verði orðuð með eftirfarandi hætti:

*Fjármálafyrirtæki skal jafnan synja um milligöngu um slík verðbréf ef það telur viðskiptavin ekki búa yfir nægjanlegri þekkingu, reynslu eða fjárhagslegum styrk.*

★ **9. gr.** Neytendasamtökin vilja að við 9. gr. frumvarpsins bætist ný málsgrein: *Séu fyrirmæli viðskiptavinar óskýr skal fjármálafyrirtæki óska eftir nánari skýringum.*

Ástæða tillögunnar er sú að Neytendasamtökin hafa við rekstur kvörtunarmála fyrir fjármálafyrirtækjum oft heyrt því borið við að viðskiptavinurinn hafi verið „óskýr“ í fyrirmælum sínum en að fyrirtækið hafi haldið að hann væri að biðja um þetta eða hitt. Í engu tilfellana hafði því verið komið á framfæri við viðskiptavininn að fyrirmæli hans skyldust ekki og að í raun væri verið að giska á hver vilji hans væri. Af þeim sökum sjá Neytendasamtökin ástæðu til að leggja þá skyldu á herðar fjármálafyrirtækjum að leitast eftir skýringum telji þau fyrirmæli viðskiptavinar óskýr.

★ **2. mgr. 55. gr.** Neytendasamtökin telja óásættanlegt að til að brot á II. kafla laganna um réttindi og skyldur varði sektum verði brotið annað hvort að vera gróft eða ítrekað. Hér er nánast farið fram á ásetning. Að mati Neytendasamtakanna verða neytendur að geta treyst því að fjármálafyrirtækjum sé veitt raunverulegt aðhald.

Af þeim sökum leggja Neytendasamtökin til að 2. mgr. 55. gr. falli niður og að við 1. mgr. 55. gr. bætist nýr töluliður, 5. töluliður, er hljóði svo:  
*réttindi og skyldur, skv. II. kafla.*

Að lokum vilja Neytendasamtökin koma á framfæri gagnrýni á skipan viðskiptaráðherra í bankalaganefnd en í hana var enginn skipaður sem talist getur fulltrúi almennra viðskiptavina fjármálastofnana og kaupenda verðbréfa, þ.e. neytenda.

Virðingarfyllst,  
f.h. Neytendasamtakanna

*Ólaf Embla Einarsdóttir*  
Ólaf Embla Einarsdóttir, lögfr.